

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2016

Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur J Kjerúlf formaður, Arnheiðarstöðum
Jóhann F Þórhallsson, gjaldkeri Brekkugerði
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórnir sjóðsins funduðu 1 sinnum á árinu. Alls bárust 11 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 8.100.000 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 10.357.923 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn styrkur verði hærri en 856.000 krónur. Allar umsóknir sem námu hærri fjárhæð en það skertust við þá upphæð. Fyrir umsóknir sem námu hærri fjárhæð en 300.000 kr (en náðu ekki 856.000 kr.) skerðist styrkur þannig að 35% eru dregin af þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram þá tölu. Tekið er fram að þessi úthlutunarregla gildir aðeins fyrir þetta ár, en haga verður úthlutun hverju sinni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2016 varð 8.100.000 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	7.491.003. kr
Laun og launatengd gjöld	43.727. kr
Reikningsleg aðstoð	442.536. kr
Endurgreiddur virðisaukaskattur	193.050. kr
<u>Auglýsingar</u>	<u>16.874. kr</u>
SAMTALS	8.187.190. kr.

Framkvæmdir 2016

Eftirfarandi 11 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar og sandfoks. Svæðin eru hálsinn innan við Ranaskóg.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru Tófuaxlarháls, Lækjardalur og nágrenni Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.

- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan Þjóðvegur. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk og ofan túngirðingar. Einnig í girðingu upp af Árnastein og á eldri áburðadreifingar Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar og börð í fjalli.
- Brekkuagerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli.
- Víðivallagerði. Styrking staðgóður, melar ofan við bæinn í Víðivallagerði, einnig skógarlóðir víða á jörðinni og rofabörð.
- Skriðuklaustur. Uppgræðsla á skriðu sem féll ofan við Hamtó.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

- Vallholt, 5 tonn af áburði borin á 35 ha.
- Hrafnskeisstaðir, 7 tonn, 44 ha.
- Arnheiðarstaðir, 6 tonn af áburði borin á 25 ha.
- Víðivellir Fremri, 6 tonn af áburði borin á 46 ha.
- Víðavallagerði, 1,23 tonn, 4 ha.
- Valþjófsstaður 2. 2,4 tonn af áburði borin á 22 ha.
- Bessastaðagerði, 7,2 tonn af áburði borin á 34,25 ha.
- Eyrarland, 6 tonn af áburði borin á 20 ha.
- Melar, 6 tonn, 30 ha.

-Skriðuklaustur, 3,49 tonn, 2,4 ha.

- Brekkugerði, 6 tonn af áburði borin á 58 ha

Samtals var dreift rúmlega 55,23 tonnum af áburði og 140 kg af grasfræi á 320,74 ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps

